

STARFSLEYFI

Lindarfiskur ehf

ÍSAT nr.05.02.2.0 - Land- og kvíaeldi, matfiskur

Sigtún 6
870 Vík

kt. 590509 -0350

þjóð
18/12/2012

Nafn og kt. rekstraraðila: Drífa Bjarnadóttir, kt. 280278 5139
Heimilisfang: Sigtún 6, 870 Vík

Útgáfudagur: 15. febrúar 2011 Gildir til: 15. febrúar 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og laga nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Fyrir Lindarfisk ehf
dags. 15. febrúar 2011

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstrarþöili sæki um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 56, 800 Selfossi kt. 480284 0549 Sími 480 8220

Selfossi, 15. febrúar 2011

Elsa Ingjaldsdóttir
framkvæmdastjóri



UST

Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi
Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

12.8.2005

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum


Greinargerð með starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Lindarfiskur 590509 0350

Sigtún 6 871 Vík

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjókvíaeldi.
Greinargerð: Í samræmi við gr. 14.2a og fylgiskjali 2 með reglugerð 785/1999. Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á starfsstöð þar sem eldið fer fram.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
Greinargerð: Samhliða rekstur þýðir að á sömu starfsstöð fari fram annars konar starfsemi á vegum sama aðila. Það er nauðsynlegt að taka þetta fram, þar sem fyrirtæki með margvislegan rekstur geta fallið undir fleiri en eitt starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda.
Greinargerð: Ábyrgð rekstraraðila er hluti af því að skilgreina gildissvið starfsleyfis. Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir, s.s. að farga úrgangi á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og hráefnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til heilbrigðisnefndar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Í samræmi við gr. 12.4 og gr. 18.1 í reglugerð 785/1999 skal tilkynna eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi. Einnig skal, í samræmi við gr. 15.7 í reglugerð 785/1999, tilkynna eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Vatnsnotkun, framleiðslumagn og afföll.
 - b) Fóðurnotkun og fóðurgerð.
 - c) Losun efna út í umhverfið.
 - d) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
 - e) Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
 - f) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
 - g) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennslislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennslislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
 - h) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.
 - i) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys.



Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

Greinargerð:

Sbr. reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Innra eftirlit er skilgreint sem eftirlit starfsleyfishafa með eigin rekstri, framkvæmt af starfsmönnum hans eða aðkeyptum þjónustuaðila, sem til þess hefur tilskilin réttindi, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða reglugerðum séu uppfylltar. Samkvæmt gr. 12.6 í reglugerð 786/1999 er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með þeim eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt. Eigin skráning rekstraraðila á þáttum sem hér eru taldir upp er því forsenda þess að draga megi úr reglubundnu eftirliti með rekstrinum þegar fram líða stundir.

Liður a) - g)

Mikilvægt er að fylgjast með úrgangsmýndun, hreinsivirkjum og öðrum þáttum til að meta umhverfisáhrif og draga úr hugsanlegri mengun skv. 12. gr í reglugerð 785/1999.

Rekstraraðili skal halda skrá yfir helstu atriði sem varða mengunarvarnir, svo sem um hreinsun. Skrá skal upplýsingar um tæmingu á seyru, þ.e. hvenær tæming fór fram, um magn og um förgun seyrunnar. Fylgjast skal með losun mengandi efna frá öllum þáttum starfseminnar, hvort sem losað er í loft, vatn eða haf.

Liðir h) - i)

Rekstraraðili skal, í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Í viðbragðsáætlun skulu koma fram áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar.

Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Útbúa skal neyðaráætlun, í samræmi við gr. 16i í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, sem gripið er til ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda bráðabirgðakröfur um meðferð og förgun eldisfisksins ef kemur til lokunar og eftirlit í kjölfar hennar.

Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Verði óhapp eða slys sem hefur í fórr með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringer. Slik atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

2. Mengunarvarnir og umhverfismál

2.1. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.

Greinargerð: Sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í fórr með sér mengun, sbr. einnig reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 785/1999 og í norraðni skýrslu um bestu fáanlegu tækni fyrir fiskeldi. Nánari upplýsingar um BAT er að finna á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is/bat.

2.2. Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisvatns og eldisbúnaðar. Reglulega skal yfirfara botnsíur og annan búnað sem hindrar að fiskar sleppi út í umhverfið.

Greinargerð:

Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd sbr. gr. 14.2m í reglugerð 785/1999, m.a. með því að a) tryggja gæði eldisvatns, b) tryggja að búnaður sé í lagi, c) tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og d) draga úr öðrum umhverfisáhrifum, t.d. með hóflegri fóðrun og með því að draga úr notkun efna og lyfja til fyrirbyggja mengun í viðtaka. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og sleppingar fiska.

Rekstraraðili skal gera eftirlitsaðila grein fyrir á hvern hátt umhverfisvernd er tryggð við rekstur stöðvarinnar.

- 2.3. Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna.

Greinargerð:

Í samræmi við 16. gr. i reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Við gerð og staðsetningu mannvirkja og tækja við rekstur allan, skal taka fyllsta tillit til nauðsynlegra umhverfis, heilnæmis- og hollustuháttu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað á lóð fyrirtækisins skal geyma þannig að hvorki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir starfsemi eða ibúa í nágrenninu. Halda skal húsnæði, athafnasvæði og búnaði þrifalegum og í samræmi við lög og reglur. Benda má sérstaklega á auglýsingu 582/2000 um almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi þar sem m.a. eru gefin lágmarksskilyrði fyrir frágangi á lóð og húsnæði.

- 2.4. Beita skal bestu fáanlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokað og í samræmi við lög og reglur. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.

Greinargerð:

Í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðferð úrgangs. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins heldur skal þeim skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar. Geyma skal spilliefni og hættuleg úrgangsefni þar sem ekki er hætta á að umbúðir þeirra verði fyrir hnajski.

- 2.5. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldiskerjum, fóðurgeymslum, fráveitukerfi og úrgangi á vegum fyrirtækisins, eftir því sem frekast er unnt.

Greinargerð:

Í samræmi við ákvæði í 11. gr. reglugerðar nr. 941/2002, hollustuhætti og 16. - 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðferð úrgangs. Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrifist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi stöðvarinnar.

- 2.6. Frárennslí frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka. Hafa skal samráð við viðeigandi heilbrigðiseftirlit. Frárennslí skal vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni fyrir fiskeldi og skal uppfylla ákvæði reglugerðar 798/1999 og gæða- og umhverfismarkmið í fylgiskjali 1. í reglugerðinni. Rekstraraðili skal gera, eða láta gera, mengunarmælingar til að fylgjast með hvort settum gæða- og umhverfismörkum sé náð, sbr. framangreint fylgiskjal reglugerðar 798/1999. Skrá skal allar slíkar mælingar í innra eftirlit fyrirtækisins.

Greinargerð:

Mengun vatns er óheimil skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Losun efna skal vera í samræmi við kröfur í reglugerðum og starfsleyfi. Forhreinsunar iðnaðarskólps er krafist skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Forhreinsun getur falist í að fanga aðskotahlut, s.s. umbúðir, verkfæri og álika hluti, með ristum eða síuverjum áður en þeir berast í fráveitukerfið, hún getur einnig falist í að fanga agnir og efnasambönd frá vinnslunni með botnfellingu eða fleytingu olíu og fituefna. Kröfur um hreinsivirkir er að finna í 25. og 26. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Seyru úr hreinsibúnaði við frárennslí frá eldiskvíum skal koma til endurvinnslu eða förgunar sem fóstum úrgangi, í samræmi við reglugerð 799/1999 um meðferð seyru. Auðvelt skal vera að



komast að setþróm fyrir seyru til að dæla úr þeim, og skal það gert áður en safnrými seyru er fyllt. Seyru má nýta sem áburð á land eða koma fyrir á viðurkenndum förgunarstað fyrir úrgang. Ef rekstraraðili getur sýnt fram á að styrkur og magn efna í frárennsli er undir umhverfismörkum getur heilbrigðisfulltrúi/heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá kröfum um forhreinsun. Rekstraraðili hefur frest til 31. október 2007 til að framkvæma viðeigandi breytingar á mengunarvarnarbúnaði þannig að hann uppfylli ákvæði um bestu fáanlegu tækni.

- 2.7. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.

Greinargerð:

Mengun vatns er óheimil skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Rotþróa og siturlagna er krafist skv. 13. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa og siturlagna skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganeftndar og heilbrigðisnefndar og vera í samræmi við leiðbeiningarg Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.

- 2.8. Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slysa hætta skapist.

Greinargerð:

Verði rekstri hætt þá sé það tryggt að frágangur á athafnasvæði sé áscættanlegur..

3. Umhverfismarkmið

- 3.1. Frárennsli sem rennur beint í viðtaka skal að lágmarki miða við eins þreps hreinsun. Aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli skal vera fyrir hendi.

Greinargerð:

Sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:

- set eða útfellingar
- þekjur af rotverum (bakteriur og sveppir)
- olia eða froða
- sorp eða aðrir aðskotahlutir
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

- 3.2. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta.

Greinargerð:

Sbr. 27. og 28. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og sbr. gæðamarkmið í fylgiskjali log 2 með reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Dæmi um aðgerðir til úrbóta eru t.d. að draga úr fóðrun eða bæta hreinsibúnað.

Selfossi 15. Febrúar 2011,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Birgir Þórðarson heilbrigðisfulltrúi